

**Nd. 197. Frumvarp til laga [112. mál]**

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

**1. gr.**

Á eftir 8. gr. komi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar Íslands og Fiskifélags Íslands skal ráðherra heimilt með reglugerð að veita vélbátum allt að 200 brúttó-rúmlestum að stærð leyfi til togveiða á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1969 innan fiskveiðilandhelginnar, þannig: Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá grunnlínupunktum. Þó skal við útgáfu veiðileyfa verða tekið tillit til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúp vestur að Gjögurtá. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í vestur frá Garðsskaga, og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur 19), allt að 3 sjómílum frá strandlengju. Heimilt er þó ráðherra að veita frekari heimildir til botnvörpuveiða á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21° og 57 mín. vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22° og 32 mín. vesturlengdar. Togveiðar skulu þó ekki heimilaðar á svæðinu frá Stokksnesi að Skaftárósum á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl. Leyfi til togveiða má að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði, m. a. til þess að forða frá árekstrum á veiðisvæðum við báta með önnur veiðarfæri, svo sem línu og net. Hrygningarsvæði síldar og önnur svæði, sem Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að vernda, skulu friðuð fyrir botnvörpu þann tíma, sem nauðsynlegt er talið.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.